



## Kröftugur vinnumarkaður – erfitt að uppfylla eftirspurn eftir starfsfólki

### Atvinnuleysi minnkar enn

Atvinnuleysi hefur minnkað hratt á undanförunum misserum og mælingar Hagstofu Íslands fyrir 2. ársfjórðung í ár sýndu minnsta atvinnuleysi á þessum fjórðungi síðan 2008. Í júlí var skráð atvinnuleysi samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar 2% og meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánuði 2,5%.

Samhliða aukinni eftirspurn í hagkerfinu hefur eftirspurn eftir vinnuafli aukist mikið og segja má að vinnumarkaðurinn sé þannig kominn í „eðlilega“ stöðu. Ætla má að eftirspurn eftir vinnuafli verði áfram mikil á næstu misserum og staða atvinnumála góð.

### Umframeftirspurn eftir vinnuafli


Nú er svo komið að áhyggjur manna beinast ekki eins mikið að atvinnuleysinu eins og verið hefur heldur meira að mönnun starfa og þörf á innflutningi erlends vinnuafls.

Í nýjustu Peningamálum Seðlabankans kom t.d. fram að í nýlegri könnun Gallup meðal 400 stærstu fyrirtækja landsins hafði hlutfall fyrirtækja sem töldu vera skort á starfsfólki hækkað um rúm 20 prósentustig milli ára. Þannig töldu um 42% fyrirtækja sig búa við skort á starfsfólki og hefur þetta hlutfall ekki verið hærra frá því í lok árs 2007. Eins og oft áður eru það aðallega fyrirtæki í iðnaði og byggingastarfsemi sem telja sig búa við vinnuaflsskort. Fyrirtækjum í verslun og sjávarútvegi sem búa við vinnuaflsskort fjölga hins vegar mikið á milli ára.

### Mikill innflutningur vinnuafls


Fyrirtæki virðast í auknum mæli bregðast við þessari stöðu með innflutningi vinnuafls. Á fyrri helmingi ársins 2016 fluttust um 2.200 fleiri erlendir ríkisborgarar á vinnualdri til landsins en frá því. Þar var um meira en tvöföldun að ræða frá sama tíma 2015 þegar rúmlega 1.000 fleiri komu til landsins en fóru frá því.

### Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnumálastofnunar




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild

### Hlutfall fyrirtækja sem telja að skortur sé á starfsmönnum



Heimild: Seðlabanki Íslands

### Flutningar erlendra ríkisborgara eftir ársfj. á aldrinum 20-59 ára



Heimild: Hagstofa Íslands



## Mismunandi atvinnuþátttaka kynja

Atvinnuþátttaka er með mesta móti hér á landi í samanburði við önnur lönd. Hér er þátttaka kvenna á vinnumarkaði meiri en víðast hvar og þá byrja Íslendingar yfirleitt snemma á ævinni að vinna og hætta því seint.


Atvinnuþátttaka er nátengd hagsveiflunni og er jafnan töluvert meiri meðal karla en kvenna. Sé lítið nánar á þróunina má glögg sjá að samdráttarskeiðið sem hófst 2008 hafði mun meiri áhrif á atvinnuþátttöku karla en kvenna, enda varð atvinnuleysi meðal karla meira en kvenna á þessum árum. Atvinnuþátttaka karla lækkaði um rúm 5% frá 2008 til ársins 2012, en er nú orðin jafn mikil og hún var á árinu 2007.

Þróunin meðal kvenna er með dálítið öðrum hætti. Sé lítið á tímabilið frá árinu 2003 var atvinnuþátttaka þeirra mest á árinu 2015 og fyrri hluta ársins 2016.

## 0,9 konur vinna á móti einum karli


Á þessu tímabili hefur hlutfall atvinnuþátttöku kvenna að jafnaði verið um 91% af þátttöku karla. Hlutfallið var um 90% fyrir hrun en hækkaði svo upp í 93% fram til 2012 þegar þátttökuhlutfall karla minnkaði. Hlutfall kvenna á móti körlum hefur svo lækkað nokkuð síðan.

Atvinnuþátttaka karla og kvenna



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Atvinnuþátttaka kvenna sem hlutfall af þátttöku karla



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.